

Nd. **196. Breytingartillögur** [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 frá 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Albert Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, V, er hljóði svo:

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 1. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal á árinu 1983 óheimilt að hækka álagningu fasteignagjalds og eignarskatts á íbúðarhúsnæði um meira en sem nemur 42% af álagningu árið 1982.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, o. fl.